


Berglind Guðmundsdóttir
Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5.5.2017
Málsnr:	0709123
Bréfala:	512

Hafnarfirði 2. maí 2017

Fyrir hönd Skógræktarfélags Hafnarfjarðar þakkar undirritaður fyrir kynningu á nýju deiliskipulagi fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar, sem og fyrir kynningu á nýju deiliskiplagi fyrir Ásvallabraut, sem fram fór í Þjónustumiðstöðinni 26. apríl síðastliðinn.

Ástæða þess að farið var fram á þessa kynningu er auglýsing sem birtist í Fréttablaðinu 6. apríl 2017, undir fyrirsögninni Skipulagsbreyting – Breyting á deiliskipulagi fyrir Kaldársel, Kaldárbotna, Gjárnar og Ásvallabraut. Þessi hluti auglýsingarinnar var ástæða þess að óskað var eftir kynningunni: „Samhliða verða gerðar óverulegar breytingar á mörkum deiliskipulagsáætlana fyrir Sléttuhlíð og Höfðaskóg – Hvaleyrarvatn.“

Samkvæmt því sem fram kom á kynningarfundinum er átt við að meðal annars á að stækka friðunarmörk Kaldárhrauns og Gjánna. Það sem snýr að Skógræktarfélaginu eru mörkin sem hafa hingað til miðast við norðanverða hraunbrún Kaldárhrauns. Samkvæmt teikningu sem fylgir skipulagstillögunni munu mörkin færast til norðurs, spölkorn út fyrir hraunbrúnina og taka yfir hluta af jaðri þess ræktunarsvæðis sem Skógræktarfélag Hafnarfjarðar fékk til umráða árið 1990. Þar hafa Landnemar og aðrir félagsmenn Skógræktarfélagsins unnið í sjálfboðavinnu að gróðursetningu á þeim tæplega þremur áratugum sem liðnir eru frá því að samningur var gerður um þetta landsvæði.

Höfðalandið allt, sem Skógræktarfélagið tók í fóstur árið 1990, einkenndist af uppblásnum holtum, hæðum og gróðursnauðum dalkvosum. Allt svæðið var skilgreint sem landgræðsluskógaverkefni og ákveðnar spildur nýttar fyrir átaksverkefni um landgræðslu og hitt hlutað niður og skipt á milli Landnema. Seldalur og nærumhverfi er í Landgræðsluátaksverkefninu sem nýtur stuðnings ríkisins. Þeir sem gerðust Landnemar voru t.d. fjölskyldur, fólk í félagasamtökum í bænum, einstök fyrirtæki, skólar, leikskólar og stofnanir. Hver og einn fékk úthlutað spildu og tók til við að græða landið upp. Árangurinn á þessum 27 árum er slíkur að langið hefur tekið stakkaskiptum. Á þessu langa tímabili hafa trjáplöntur verið settar niður í þúsundavís, en þess var sérstaklega gætt að gróðursetja ekki neitt í sjálft hraunið eða hraunjaðarinn. Hinsvegar hafa tré verið gróðursett langleiðina að hraunbrún Kaldárhraun, eins og lagt var upp með árið 1990.

Samkvæmt teikningum sem fylgja breytingartillögunni virðist sem svo að slakkinn meðfram jaðri Kaldárhrauns og hlíðarnar upp af honun verði hér eftir hluti friðaða svæðisins. Þetta er það sem við hjótum um þar sem Landnemaspildurnar eru á ótvíræðu ræktunarsvæði samkvæmt gildandi samningi milli Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar.

Fyrirhuguð breyting á mörkum deiliskipulagsáætlana Sléttuhlíðar kallar á nánari skýringar af hálfu Hafnarfjarðarbæjar um það hvaða áhrif þetta muni hafa á áframhaldandi gróðursetningu á þessu landsvæði og stöðu þess trjágróðurs sem þar hefur verið gróðursettur undanfarna áratugi.

Með vinsemd og virðingu,


Jónatan Garðarsson

formaður Skógræktarfélags Hafnarfjarðar